



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
31. mars 2021

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Annar ársfjórðungur 2021

- *Áætlun um útgáfu ríkisbréfa á yfirstandandi ári lækkar úr **200 ma.kr. í 180 ma.kr. að söluvirði**¹*
- *Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir **40-60 ma.kr. að söluvirði**.*
- *Nýr óverðtryggður flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2024 verður gefinn út á ársfjórðungnum og verður stefnt á viðskiptavakt með flokkinn.*
- *Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hve mikið verður selt í hverjum flokki.*

Inngangur

Fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 var kynnt þann 22. mars sl. Í ljósi betri stöðu ríkissjóðs en gert var ráð fyrir við gerð síðustu fjármálaáætlunar hefur verið ákveðið að lækka áætlun um útgáfu ríkisbréfa á yfirstandandi ári úr 200 ma.kr. í 180 ma.kr.

Útgáfa á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 60 ma.kr. að söluvirði. Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2021 var tilkynnt að ríkissjóður hefði fjölbreytta möguleika til að mæta lánsfjárbörf ársins og að ríkisbréfaútgáfa myndi verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs. Eins og þessi ársfjórðungsáætlun gefur til kynna verður útgáfa ríkisbréfa á fyrri helmingi ársins 2021 hærrí en útgáfan á seinni helmingi ársins.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **40-60 ma.kr.** Vegna þeirrar óvissu sem ríkir í efnahagsmálum um þessar mundir er ekki hægt að birta áætlaða hámarksútgáfu í einstökum flokkum á ársfjórðungnum. Mikilvægt er að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Nýr óverðtryggður flokkur verður gefinn út á ársfjórðungnum. Lánaskilmálar nýja flokksins verða tilkynntir síðar, en stefnt er á að gjalddaginn verði árið 2024.

Uppkaup – skiptiútboð

Framhald verður á uppkaupum og skiptiútboðum á RIKB 21 0805. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins er sveigjanleiki í vixlaútgáfu mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.